

Svæðisstjóri Vegagerðar  
Hr. Svanur Bjarnason  
Breiðumýri 2  
800 Selfoss



FLÓAHREPPUR

Pingborg 7. ágúst 2014

**Efni: Áskorun frá íbúum í Flóahreppi**

**Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 30. júní s.l. var tekið fyrir erindi frá íbúum við Hamarsveg í Flóahreppi og eftirfarandi bókað:**

*„Erindi frá íbúum við Hamarsveg í Flóahreppi*

*Lagður fram undirskriftalisti frá 40 íbúum við Hamarsveg nr. 308 í Flóahreppi þar sem vakin er athygli á mjög slæmu ástandi vegarins.*

*Lagfæring vegarins sem er 12 km langur, var ein af forsendum sameiningar á sínum tíma.*

*Í erindi með undirskriftalista segir að góðir vegir séu forsenda fyrir íbúabyggð og lífæð hennar og ekki sæmandi að bjóða íbúum upp á veg eins og Hamarsveg. Íbúar krefjast þess að farið verði í endurbætur og lagfæringu á veginum hið fyrsta og óskað er eftir lausnum á árinu 2014.*

*Sveitarstjórn tekur undir með íbúum við Hamarsveg um lélegt ástand vegarins.*

*Fleiri vegir í sveitarfélaginu eru einnig í mjög slæmu ásigkomulagi.*

*Sveitarstjórn skorar á Vegagerðina að lagfæra Hamarsveginn allan svo og aðra malarvegi sveitarfélagsins og koma þeim í viðunandi horf, helst með bundnu slitlagi, hið allra fyrsta.*

*Samþykkt með 5 atkvæðum.“*

Þessari bókun er hér með komið á framfæri við þá sem málið varðar.

Virðingarfyllst,  
f.h. sveitarstjórnar,

  
Eydis Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Afrit:  
Vegamálastjóri  
Samgöngunefnd Alþingis  
Þingmenn Suðurlands  
Samband íslenskra sveitarfélaga  
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga